

## Ályktarorð:

Héraðsdómaranum ber að afla framangreindrar yfirlýsingar.

---

Föstudaginn 14. febrúar 1947.

Nr. 20/1946. **Haraldur Georgsson** (Hrl. Theódór B. Lindal)  
 gegn

**Ewald Berndsen og gagnsök**

(Hrl. Sigurður Ólason).

Setudómari Guðmundur Í. Guðmundsson bæjarfógeti í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Fébætur vegna umferðarslyss.

## Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 11. febr. 1946. Krefst hann aðallega algerrar sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Til vara krefst hann þess, að ábyrgð á tjóninu verði skipt milli aðilja og dæmd fjárhæð færð niður, og verði þá málskostnaður í héraði felldur niður, en gagnáfrýjanda gert að greiða málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 12. október 1946 skotið málinu til hæstaréttar með stefnu 31. s. m. Krefst hann þess aðallega, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum kr. 2000.00 ásamt 5% ársvöxtum frá 20. apríl 1945 til greiðsludags svo og málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar. Til vara krefst hann staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda eftir mati dómsins.

Bifreiðarstjóri sá, sem ók bifreið aðaláfrýjanda, þegar slysið varð, gætti þess ekki að draga nægilega úr ferð bifreiðarinnar, áður en hann ók fram hjá reiðmönnunum. Þá sýndi hann ekki fulla aðgæzlu, er hann gaf hljóðmerki og skipti um gang bifreiðarinnar í lítilli fjarlægð frá hestun-

um. Hins vegar verður ekki talið, að reiðmennirnir hafi hagað ferð sinni þannig, að þeir hafi orðið meðábyrgir að slysinu. Ber samkvæmt þessu að taka til greina aðalkröfu gagnáfrýjanda og dæma aðaláfrýjanda til að greiða honum kr. 2000.00 ásamt 5% ársvöxtum frá 20. apríl 1945 til greiðsludags. Svo ber og að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti, er telst hæfilega ákveðinn samtals kr. 1200.00.

### Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Haraldur Georgsson, greiði gagnáfrýjanda, Ewald Berndsen, kr. 2000.00 ásamt 5% ársvöxtum frá 20. apríl 1945 til greiðsludags og samtals kr. 1200.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

### Dómur bæjarþings Reykjavíkur 18. desember 1945.

Mál þetta, sem dómtekið var 11. þ. m., hefur Ewald verzlunarmaður Berndsen, Grettisgötu 71 hér í bænum, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 20. apríl 1945, gegn Haraldi Georgssyni, Haga í Grimsnesi, til greiðslu bóta að fjárhæð kr. 2000.00 eða annarrar lægri fjárhæðar að mati dómara með 5% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu og málskostnaðar, en til vara lækkunar á kröfum stefnanda og að málskostnaður falli þá niður. Sjóváttryggingarfélagi Íslands h/f hefur verið stefnt til réttargæzlu í máli þessu, en hjá því var siðargreind bifreið stefnda tryggð.

Málavextir eru þessir:

Hinn 13. ágúst 1944 um kl. 2 síðdegis var stefnandi við annan mann á leið að þjóðveginum á móts við Hraðastaði, Hafði hvor um sig tvo til reiðar og voru að því komnir að riða út á þjóðveginn, er þeir heyrðu bifreið stefnda, X 22, gefa hljóðmerki. Bifreiðin var á austurleið og virðist hafa verið á að gizka um 50 metra frá reiðmönnum. Þeir héldu samt sem áður áfram ferð sinni upp á þjóðveginn, en námu þar staðar á vegarbrúninni og snéru í austur. Nokkurn veginn samstundis bar bifreiðina að, og hljóp þá hestur sá, er förunautur stefnanda sat, inn á veginn og varð fyrir bifreiðinni, þrátt fyrir það að stjórnandi hennar hemlaði hana þegar í stað og sveigði til hægri út af veginum. Hlaut hesturinn, er var eign

stefnanda, svo mikil meiðsl á hægra afturfæti, að ekki varð hjá því komizt að skjóta hann þegar í stað.

Stefnandi og förunautur hans hafa báðir haldið því fram hér fyrir dómi, að stjórnandi bifreiðar stefnda hafi gefið hvelt hljóðmerki í sama bili, sem bifreiðin fór fram hjá hestunum, og hafi hestur sá, er slasaðist, fælt við það, og er bótakrafan öðrum þræði byggð á því atriði. Í annan stað hefur stefnandi haldið því fram, að stjórnandi bifreiðarinnar hafi ekki gætt tilskilinnar varúðar, er hann ók fram á hestana, og beri eigandi hennar því fulla ábyrgð á tjóni því, er af hefur hlotizt.

Stefndi byggir aðalkröfu sína á því, að stjórnandi bifreiðarinnar hafi gætt allrar þeirrar varúðar, sem honum var skylt, þar eð hann hafi gefið hljóðmerki í tæka tíð, þegar er hann varð hestanna var, hann hafi ekið hægt, er hann varð var við þá, og dregið úr hraðanum eftir það, enda upp brekku að sækja, og loks hafi snarræði hans og staðarþekking komið í veg fyrir, að meira slys yrði af. Þá hefur því og verið sérstaklega mótmælt af hálfu stefnda, að annað hljóðmerki hafi verið gefið í þann mund, er bifreiðin rann fram hjá hestunum. Loks hefur stefndi haldið því fram, að öll sök á slysi þessu sé hjá stefnanda og förunauti hans, þar eð þeir hafi haldið áfram ferð sinni, eftir að viðvörunarmerki var gefið, þótt þeir hafi þá ekki verið komnir upp á þjóðveginn, þar sem þeir hafi þá átt að gæta sín sérstaklega vegna væntanlegrar umferðar bifreiða á sunnudegi að sumarlagi.

Gegn mótmælum bifreiðarstjórans og vætti allmargra farþega í bifreiðinni er ósönnuð sú staðhæfing stefnanda, að gefið hafi verið hljóðmerki, er bifreiðin var að koma að hestunum, og verður krafa hans því eigi tekin til greina á þeim grundveli. Hins vegar er það ljóst af því, sem upp er komið í málinu, að stjórnandi bifreiðarinnar hefur eigi gætt þeirrar sérstöku varkárni, sem lögboðin er í 28. gr. laga nr. 23 frá 1941, er hann ók fram á stefnanda og hesta hans, og verður því að telja hann eiga meginsök á slysi þessu, en með hliðsjón af því, sem þegar hefur sagt verið um háttsemi stefnanda og förunauts hans, verður að líta svo á, að þeir hafi ekki farið að fyrirmælum 12. gr. laga nr. 24 frá 1941, og leiðir það til þess, að stefnandi verður einnig talinn eiga nokkra sök á slysinu. Þykja sakarhlutföll réttilega metin þannig, að stefnandi beri þriðjung sakar, en stefndi tvo þriðju.

Fjárhæð bótakröfu stefnanda hefur ekki sætt rökstuddum andmælum, og verða úrslit málsins því þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 1333.34 með vöxtum, eins og krafizt var, og málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 350.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Haraldur Georgsson, greiði stefnanda, Ewald Berndsen, kr. 1333.34 með 5% ársvöxtum frá 20. apríl 1945 til greiðsludags og kr. 350.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 17. febrúar 1947.

Kærumálið nr. 5/1947. Erfingjar Einars Benediktssonar  
gegn

H/f Braga.

Setudómari próf. Ólafur Lárusson  
í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Synjað frestbeiðni.

### Dómur hæstaréttar.

Með kæru 30. janúar síðastl., sem hingað barst 3. þ. m., hefur sóknaraðili samkvæmt 105. gr. laga nr. 85/1936 kært úrskurð bæjarþings Reykjavíkur, upp kveðinn 28. f. m., þar sem sóknaraðilja er ex officio synjað um frest í máli hans gegn varnaraðilja.

Sóknaraðili hefur sent hæstarétti greinargerð, dags. 5. þ. m., þar sem hann krefst þess, að framangreindum úrskurði verði hrundið og að krafa hans um tveggja mánaða frest verði tekin til greina. Svo krefst hann kærumálskostnaðar fyrir hæstarétti úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili hefur hvorki sent hæstarétti kröfur né greinargerð í málinu.

Kröfu sína um tveggja mánaða frest rökstyður málflutningsmaður kæranda með því, að eftir uppkvaðningu dóms hæstaréttar í kærumáli varnaraðilja gegn sóknaraðilja frá 16. des. f. á. hafi hann ákveðið að hætta við flutning málsins og sé honum nauðsynlegur umræddur frestur til þess að tilkynna þetta umbjóðendum sínum, sem flestir séu búsettir erlendis, til þess að þeir geti útvegað sér annan málflutningsmann.

Eins og ljóst er af forsendum hins kærða úrskurðar,